

Fundur í skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi

Þriðjudaginn 4. mars 2014 klukkan 17 í fundarherbergi skólans

Mætt voru: Atli Harðarson skólameistari, Jens B. Baldursson aðstoðarskólameistari, Guðrún Lind Gísladóttir fjármálastjóri, Adda Malín Vilhjálmadóttir áheyrnarfulltrúi nemendafélagsins, Dagbjört Guðmundsdóttir skipuð af ráðherra án tilnefningar, Hjördís Hjartardóttir tilnefnd af sveitarfélögum, Reynir Þór Eyvindsson skipaður af ráðherra án tilnefningar, Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir skipuð af ráðherra án tilnefningar, Þórdís Þórisdóttir tilnefnd af sveitarfélögum. Þórdís mætti sem varamaður Helenu Guttormsdóttur sem boðaði forföll.

Dagskrá. Fylgiskjöl voru send til fundarmanna fyrir fundinn og þeim dreift útprentuðum á fundinum.

- 1) Ársskýrsla fyrir 2013.
- 2) Rekstraráætlun fyrir árið 2014.
- 3) Gjaldskrá fyrir næsta skólaár.
- 4) Skólanámskrá og stefna skólans.
- 5) Reglur um leigu á húsnæði skólans.
- 6) Framtíð heimavistar.
- 7) Skólasamningur við menntamálaráðherra og námsframboð á næsta skólaári.
- 8) Önnur mál.

Dagskrá

- 1) Atli setti fund og greindi frá því að Jens aðstoðarskólameistari færi í námsorlof næsta skólaár. Búið væri að auglýsa eftir aðstoðarskólameistara og nokkrar umsóknir hefðu borist.
- 2) Ársskýrslan. Í ársskýrslunni og rekstraráætluninni kemur fram að skuld við ríkissjóð eykst milli ára. Rætt var um fjölda í verknámi en engir nemendur eru í húsasmíði í dagskóla en hins vegar eru 27 í dreifnáminu í húsasmíði sem kennt er um helgar. Þá eru margir eldri nemendur í dreifnámi í vélvirkjun og í sjúkraliðanámi. Yngri nemendum hefur hins vegar fækkað eftir tilkomu skólanna í Borgarnesi og í Snæfellsbæ.
- 3) Rekstraráætlun. Guðrún gerði greini fyrir henni en skólinn á í verulegum rekstrarvanda eins og flestir aðrir framhaldsskólar. Veikindi, dómur sem skólinn fékk o.fl. hafa aukið á vandann. Eins og fram hefur komið á opinberum vettvangi nægja fjárframlög til framhaldsskóla engan veginn til að standa undir rekstri þeirra. Ríkisendurskoðun hefur sent frá sér álit um reiknilíkanið og bent á að það hafi ekki verið endurskoðað árum saman og að endurskoða þurfi ýmsar forsendur þess því fjárhagsleg staða framhaldsskólanna sé afar slæm. Ef skóli þarf að greiða forfallakennslu eins og FVA þurfti að gera á síðasta ári og einnig á þessu ári, þá eykst hallinn á rekstri skólans. Þetta skýrir hluta hallans þó aðalástæðan sé sú að fjárframlög til skólans séu alltof rýr. Áður var sjóður hjá ráðuneytinu sem greiddi forfallakennslu en hann var lagður niður fyrir mörgum árum án þess að fjárframlög til skóla ykjast sem því nam.
Spurt var um sértekjur en það eru innritunargjöld, tölvugjöld, útseld vinna vegna stóriðjuskóla Norðuráls og 10. bekkjarkennslu o.fl. Rætt var um kennara sem geta hafið lífeyristöku á næstu árum en þeir eru nokkrir.
- 4) Gjaldskrá. Hækkanir verða á nokkrum liðum vegna verðbólgu en reynt var að hækka t.d. mat eins lítið og hægt var. Þýðingar á prófskírteinum lækka hins vegar.
- 5) Leiga á húsnæði og sal skólans. Atli lagði fram drög að reglum og gjaldskrá en hingað til hefur þetta verið fremur losaralegt og fólki treyst til að ganga vel um. Nokkuð var rætt um möguleikann á leigu á salnum á sumrin þar sem skortur eru á stórum og góðum sölum í bænum. Í ljósi reynslunnar er

skólastjórnendur ekki hrifnir af því, húsnæðið er ekki gert til að þola samkomur þar sem áfengi er leyft auk þess sem slíkt er afar óheppilegt í skólahúsnæði.

- 6) Heimavistin. Tap var rúmar 11 milljónir en framlag ríkisins mun bæta það að mestu. Færri nemendur eru núna á vistinni og því eykst tapið líklega. Aðsóknin hefur farið minnkandi eftir tilkomu skólanna í Borgarnesi og í Grundarfirði og vistin er ekki lengur full. Fram kom fyrirspurn um heimavistina, hvort hægt væri að nýta aðstöðuna fyrir aðra til að auka sértekjurnar. Á næstunni verður rætt við Fasteignir ríkisins um vistina en Jóhanna Leópoldsdóttir hefur leigt vistina undanfarin sumur og verður áfram með hótél þar næsta sumar.
- 7) Skólasamningafundur verður 18. mars þar sem rætt verður við fulltrúa Menntamálaráðuneytisins um skólann, námsframboð o.fl. Næsta vetur stefnum við að því að bjóða uppá meistaranám og rafvirkjanám með vinnu. Starfsnám fyrir stúlkur vantar annað en sjúkraliðanám sem er afar vinsælt. Hársnyrtiiðn var nefnd sem möguleiki. Í umræðum kom fram að hér hefur verið afar lítið brottfall, mun minna en í sambærilegum skólum.
- 8) Önnur mál. Rætt var um verkfallið. Ekki hefur verið mikið um herskáar yfirlýsingar, þvert á móti þögn á opinberum vettvangi. E.t.v. er það góðs viti en það er að minnsta kosti ekkert að fréttu.
Rætt var um yfirvofandi verkfall framhaldsskólakennara.
Skólanefndarmenn óskuðu nemendum og skólanum til hamingju með ágætan árangur í Gettu betur spurningakeppninni.

Fundi lauk um kl. 18.50.

Jens B. Baldursson aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.